

SÉRLÖG
RÓTARÝKLÚBBS
HAFNARFJARÐAR
Stofnaður 9. október 1946

1. kafli

Nafn og starfssvæði

1. grein

Nafn klúbbsins er Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar. Starfssvæði hans er Hafnarfjörður og nágrennabyggðarlög.

2. kafli

Stjórn

2. grein

Stjórn klúbbsins skipa sex félagar: Forseti, fráfarandi forseti, verðandi forseti, sem jafnframt er varaforseti, ritari, gjaldkeri, og stallari.

Verðandi forseti, ritari, gjaldkeri og stallari eru kjörnir til eins árs. Hver stjórnarmaður skal kosinn sérstaklega og í þeirri röð sem að framan greinir.

Við stjórnarkjör er verðandi forseti sjálfkjörinn í embætti forseta en forseti gengur í embætti fráfarandi forseta.

3. grein

Á fyrsta fundi í nóvembermánuði fer fram tilnefning félaga til stjórnarkjörs. Tilnefning skal vera skrifleg. Hver félagi má tilnefna einn félagi í hvert embætti.

Á þriðja fundi í nóvembermánuði fer fram stjórnarkjör. Stjórnin er þá búin að yfirfara allar tilnefningar og tilkynnir í upphafi stjórnarkjörs hverjir þrjú félagar hafi hlotið flestar tilnefningar í hvert embætti og jafnframt hversu margar tilnefningar hver þeirra hlaut. Ef tveir eða fleiri eru jafnir í þriðja sæti skal hlutkesti ráða um hver hlýtur það sæti og verður í kjöri. Eru þeir þrjú í kjöri sem þannig eru tilnefndir og skal kosning vera skrifleg. Sá er kosinn sem þá hlýtur flest atkvæði. Verði atkvæði jöfn skal kjósa bundinni kosningu um þá er flest atkvæði fengu. Ef þrjú hafa hlotið jöfn atkvæði, ræður hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Ef þeir hljóta báðir jafna atkvæðatölu skal hlutkesti ráða. Ef aðeins eru tilnefndir tveir félagar í embætti, er kosið um þá og hlutkesti látið ráða ef atkvæði falla jöfn. Ef aðeins einn er tilnefndur í embætti telst hann sjálfkjörinn.

4. grein

Á sama fundi og stjórnarkjör fer fram skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga.

5. grein

Á síðasta klúbbfundi júnímánaðar flytur forseti skýrslu fráfarandi stjórnar.

Gjaldkeri kynnir ársreikning (rekstrar- og efnahagsreikning) starfsársins sem er að líða og skal hann vera yfirfarinn og áritaður af stjórn klúbbsins og af skoðunarmönnum reikninga. Ársreikning skal bera upp fyrir fundinn til samþykktar.

Eintak af ársskýrslu og ársreikningi skal varðveita í skjalasafni klúbbsins.

Ný stjórn tekur við á fyrsta klúbbfundi í júlímánuði.

Á þeim fundi gerir forseti grein fyrir helstu áherslum stjórnarinnar á komandi starfsári. Gjaldkeri kynnir fjárhagsáætlun starfsársins og leggur hana fyrir fundinn til samþykktar. Gjöld klúbbsins á starfsárinu mega ekki fara fram úr samþykktri fjárhagsáætlun, nema samþykki klúbbfundar komi til.

6. grein

Í forföllum stjórnarmanns sinnir fyrirrennari hans starfinu. Sé viðkomandi ekki heldur til taks, tekur sá sem gegndi embættinu þar á undan við og þannig koll af kalli.

Forfallist stjórnarmaður varanlega á kjörtímabilinu ber að kjósa nýjan stjórnarmann til að gegna embætti hans til loka starfsársins.

7. grein

Stjórnin fer fyrir klúbbum og er ákvörðun hennar endanleg í öllum klúbbmálum sé annars ekki getið í lögum klúbbsins.

Ákvörðun stjórnar getur félagi vísað til klúbbfundar. Sé ákvörðun vísað til klúbbfundar fellur hún úr gildi ef tveir þriðju hlutar félaga á fundinum eru henni mótfallnir og meirihluti klúbbfélaga er mættur á fundinum enda hafi ritari klúbbsins tilkynnt félögum um málavöxtu a.m.k. 5 dögum fyrir fundinn. Niðurstaða fundarins er endanleg.

3. kafli

Skyldur embættismanna

8. grein

Forseti stjórnar klúbb- og stjórnarfundum. Hann er málsvari klúbbsins út á við. Að öðru leyti gegnir hann skyldum forseta samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins.

9. grein

Fráfarandi forseti á sæti í stjórn árið eftir að hann lauk starfi forseta sbr. 2. grein. Verkefni hans í stjórninni er að miðla af reynslu sinni frá starfsári sínu sem forseti. Að öðru leyti gegnir hann skyldum fráfarandi forseta samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins auk verkefna sem forseti kann að fela honum.

10. grein

Verðandi forseti hefur það verkefni frá því hann er kosinn í embættið að hefja undirbúning að starfsári sínu sem forseti, að höfðu samráði við verðandi stjórnarmenn, sem kjörnir eru til setu í stjórn með honum. Að öðru leyti gegnir hann skyldum verðandi forseta samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins auk verkefna sem forseti kann að fela honum.

Verðandi forseta er skylt að sækja fræðslumót verðandi forseta sem Rótarýumdæmið heldur ár hvert.

11. grein

Ritari annast allar bréfaskriftir, heldur fundargerðarbók og skráir í hana fundargerðir klúbbfunda og stjórnarfunda. Einnig skal færa í fundargerðarbók helstu atriði úr stefnuáætlun forseta, árskýrslu forseta, fjárhagsáætlun og ársreikningi. Fundargerðarbók skal liggja frammi á fundum klúbbsins. Félagar geta fengið leiðréttingar á bókun sem þykir ónákvæm eða röng.

Ritari sér um að halda félagaskrá uppfærðri á vef Rótarýumdæmisins og RI (Rotary International).

Ritari skal fyrir 1. janúar skrá upplýsingar um verðandi forseta og ritara í félagakerfi Rótarýumdæmisins og RI.

Ritari skal fyrir 1. júlí og 1. janúar útfylla og undirrita ásamt forseta klúbbsins misserisskýrslu RI í Zürich og koma henni til gjaldkera til greiðslu.

Ritari sér um að skrá mætingu rótarýfélaga á fundum klúbbsins á vef Rótarýumdæmisins og staðfestir mætingu erlendra rótarýfélaga.

Ritari aðstoðar og leiðbeinir formönnum nefnda við skráningu funda og mætingar á þeim.

Ritari sendir Rótarýumdæminu upplýsingar um breytingar á fundarstað og fundartíma.

Að öðru leyti gegnir hann skyldum ritara samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins auk verkefna sem forseti kann að fela honum.

Verðandi ritara er skylt að sækja fræðslumót verðandi ritara sem Rótarýumdæmið heldur ár hvert.

12. grein

Gjaldkeri gerir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið, innheimtir félagsgjöld og sér um fjárreiður klúbbsins. Forseti skal árita reikninga áður en að greiðslu kemur. Í lok starfsársins annast gjaldkeri gerð ársreiknings, sbr. 5. grein. Gjaldkeri gerir bráðabirgðayfirlit um hag klúbbsins hvenær sem þess er óskað af stjórn klúbbsins. Hugað skal að góðri ávöxtun peningalegra eigna klúbbsins.

Reikningsárið er frá 1. júlí til 30. júní.

Að öðru leyti gegnir hann skyldum gjaldkera samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins auk verkefna sem forseti klúbbsins kann að fela honum.

13. grein

Stallari sér um, að vel sé búið að félögum á fundum og tekur á mótí gestum. Hann fylgist með og kemur á framfæri kvörtunum og kröfum um úrbætur, ef ástæða þykir til.

Að öðru leyti gegnir hann skyldum stallara samkvæmt lögum og hefðum klúbbsins auk verkefna sem forseti kann að fela honum.

4. kafli

Fundir

14. grein

Reglulega fundi klúbbsins skal halda á hverjum fimmtudegi kl. 12:15 - 13:30.

Stjórn klúbbsins getur þegar nauðsyn krefur eða gildar ástæður eru til, fært reglulegan fund til annars dags í sömu viku eða annars tíma á hinum venjulega degi, eða jafnvel fellt fundinn niður. Slíkar breytingar skal stjórnin tilkynna öllum félögum í tæka tíð og skrá tímanlega á fundarskráningarkerfi Rótarýumdæmisins. Stjórnin skal hafa fulltrúa á hinum rétta fundarstað og fundartíma vegna félaga og gesta, er eigi vissu um breytinguna.

15. grein

Allir klúbbfundir eru ályktunarfærir í öllum málum þegar meirihluti félaga er á fundi. Meirihluti atkvæða ræður í öllum málum, nema annað sé ákveðið í lögum klúbbsins, sjá greinar 7 og 32.

16. grein

Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en mánaðarlega. Auk þess skal halda stjórnarfund ef forseti eða tveir aðrir stjórnarmenn óska þess.

17. grein

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef a.m.k þrír stjórnarmenn eru á fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum. Atkvæði forseta sker úr, ef atkvæði eru jöfn.

5. kafli**Félagsgjöld**

18. grein

Ný stjórn gerir grein fyrir félagsgjöldum komandi starfsárs um leið og hún leggur fram fjárhagsáætlun sína sbr. ákvæði í 5. grein.

6. kafli**Rótarýsjóðurinn**

19. grein

Árleg framlög til Rótarýsjóðsins (Rotary Foundation) eru, annars vegar hluti félagsgjalda í samræmi við fjárhagsáætlun og hins vegar frjáls framlög klúbbfélaga og annarra velunnara. Enn fremur má hvetja til aukinna framlaga til sjóðsins með heillakveðjum, minningargjöfum og öðrum aðgerðum.

7. kafli**Skipulagsskrá Framkvæmdasjóðs**

20. grein

1. Sjóðurinn heitir Framkvæmdasjóður Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar og er eign Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar. Hlutverk sjóðsins er að veita fjármunum til góðgerða- og samfélagsmála.
2. Stjórn sjóðsins skipa 3 klúbbfélagar sem kosnir eru til 3ja ára á sama klúbbfundi og stjórnarkjör klúbbsins er haldið, þannig að einn gangi úr stjórninni árlega. Formaður sjóðsins er kosinn sérstaklega og er hann jafnframt framkvæmdastjóri sjóðsins. Ekki má kjósa sama félag til setu í báðum stjórnnum samtímis.
3. Ný stjórn sjóðsins tekur við störfum á sama klúbbfundi og ný stjórn klúbbsins.
4. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók. Í hana skal færa skipulagsskrá þessa, fundargerðir stjórnar, ákvarðanir um fjárveitingar úr sjóðnum og annað sem varðar hag og rekstur hans svo sem ársreikninga.
5. Stjórn sjóðsins aflar tekna fyrir sjóðinn með útgáfu og sölu jólamerkja, sölu á jólatrjám úr skógræktarreit klúbbsins og annarri fjáröflun, sem stjórn sjóðsins gerir tillögur um og staðfest er af stjórn klúbbsins.
6. Stjórn sjóðsins er heimil úthlutun fjár úr sjóðnum til sérstakra viðfangsefna annarra en venjulegra félagsstarfa. Stjórn sjóðsins skal upplýsa félagi um úthlutanir úr sjóðnum á klúbbfundi þegar þær hafa verið ákveðnar. Stjórn sjóðsins skal upplýsa og hafa gott samráð við stjórn klúbbsins um úthlutanir úr sjóðnum. Ef upp kemur ágreiningur milli stjórnar sjóðsins og stjórnar klúbbsins vegna úthlutunar úr sjóðnum skulu báðar stjórnir leita allra leiða

til að leysa hann, en ef það tekst ekki skal stjórn sjóðsins bera málið undir klúbbfund til samþykktar eða synjunar.

7. Hugað skal að góðri ávöxtun peningalegra eigna sjóðsins.
8. Reikningsár sjóðsins er hið sama og Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar þ.e. frá 1. Júlí til 30. júní árið eftir.
9. Ársreikningur skal áritaður af stjórn sjóðsins og skoðunarmönnum reikninga klúbbsins. Ársreikningur skal stjórn sjóðsins kynna og bera upp til samþykktar á klúbbfundum í lok reikningsárs.

8. kafli

Nefndir

21. grein

Verðandi forseti skal í samráði við meðstjórnendur sína skipa eftirtaldar fimm þjónustunefndir fyrir komandi starfsár og setur þeim erindisbréf samkvæmt leiðbeiningum RI „Manual of Procedure“:

Klúbbþjónustunefnd (Club Service Committee)

Starfsþjónustunefnd (Vocational Service Committee)

Þjóðmálanefnd (Community Service Committee)

Alþjóðamálanefnd (International Service Committee)

Æskulýðsnefnd

Á sama hátt skal skipa eftirtaldar starfsnefndir fyrir komandi starfsár:

Félaganefnd (Classification and Membership Committee), **Ferðanefnd**, **Landgræðslunefnd**, **Rótarýfræðslunefnd**, **Skemmtinefnd**, **Vefnefnd**, **Verðlaunanefnd**, **Öldrunarnefnd**.

Aðrar nefndir skipar verðandi forseti í samráði við meðstjórnendur sína, eftir því sem tilefni er til.

Allar nefndir skulu skipaðar 5 félögum að undanskildum Vefnefnd og Verðlaunanefnd sem skipaðar eru 3 félögum. Í hverja nefnd skal tilnefna formann og varaformann.

Leitast skal við að breyta nefndarskipan frá ári til árs.

22. grein

Helstu skyldur nefnda er um ræðir í 21. grein, eru sem hér segir:

Þjónustunefndir:

Klúbbþjónustunefnd leitast við að efla starfsemi klúbbsins inn á við og út á við, virkja félag til þátttöku í samfélagslegum verkefnum, og hlúa að og stuðla að heilbrigðum og jákvæðum félagsanda. Nefndin vinnur einnig með stjórn að samskiptum við aðra klúbba og Inner Wheel-klúbb Hafnarfjarðar.

Starfsþjónustunefnd sér um að klúbbfélagar veiti fræðslu um starfsgrein sína til þess að aðrir félagar fái skilið viðfangsefni og starfsaðstöðu hvers annars, svo og þjónustuhlutverk það sem hver um sig gegnir í þjóðfélaginu á hverjum tíma.

Þjóðmálanefnd sér um að helstu mál bæjarfélagsins og þjóðfélagsins séu reglulega kynnt félögum og leiðbeinir eftir föngum um það á hvern hátt félagar geta best lagt þessum málum lið.

Alþjóðamálanefnd sér um fræðslu um alþjóðleg málefni og á hvern hátt klúbburinn og félagar geta best stuðlað að og eftir velvild og gagnkvæman skilning á milli þjóða.

Nefndin veitir erlendum rótarýfélögum fyrirgreiðslu og formaður hennar, ásamt stjórnarmanni, taka á móti erlendum gestum.

Æskulýðsnefnd er stjórninni til ráðgjafar um málefni ungmenna í Hafnarfirði og annast skipulag á skiptinemastarfi og öðrum heimsóknunum ungmenna til klúbbsins. Nefndin annast sömuleiðis kynningu á starfi Rótarýhreyfingarinnar fyrir ungmennum.

Starfsnefndir:

Félaganefnd (áður féлага- og starfsgreinanefnd) heldur utan um skrá um starfsgreinar í bæjarfélaginu sem talið er að geti átt fulltrúa í klúbbnum svo og hverjar þeirra eigi þar þegar fulltrúa. Við árlega endurskoðun skal í meginatriðum farið eftir reglum og leiðbeiningum skv. Starfsgreinaskrá sem Rótarýumdæmið gefur út í samræmi við reglur RI. Nefndin kemur með ábendingar til stjórnar ef skráðar starfsgreinar eiga ekki fulltrúa í klúbbnum. Nefndin tekur við tillögum frá stjórn klúbbsins um nýja féлага í klúbbinn og kynnir sér gaumgæfilega hvort þeir njóti áhlits og trausts í störfum sínum og enn fremur hvort þeir séu félagslyndir. Nefndin lætur stjórn klúbbsins í té álit sitt á tilnefndum aðilum.

Ferðanefnd gerir tillögur um og undirbýr styttri og lengri ferðir klúbbsins, þar á meðal gönguferðir í bænum og í nágrenni hans.

Landgræðslunefnd vinnur að því að efla framlag klúbbsins og einstakra féлага til skógræktar og landgræðslu.

Rótarýfræðslunefnd starfar með stjórn klúbbsins að fræðslu um málefni Rótarýumdæmisins og kynningu á skipulagi, starfsemi og stefnumiðum Rótarý.

Skemmtinefnd annast undirbúning árs hátíðar, jólafundar og þorrablóts. Einnig annast nefndin undirbúning annarra viðburða og sérstakra hátíðafunda svo sem við heimsóknir annarra klúbba.

Vefnefnd sér um endurnýjun og viðhald vefsíðu klúbbsins þannig að hún sé ætíð sem aðgengilegust. Nefndin sér einnig um að allar upplýsingar sem tengjast klúbbnum og starfsemi hans fari inn á vefsíðuna.

Verðlaunanefnd undirbýr og annast afhendingu viðurkenninga til skólafólks úr menntastofnunum bæjarins fyrir framúrskarandi námsárangur og kynnir Rótarýhreyfinguna við þau tækifæri.

Öldrunarnefnd hefur umsjón með stuðningi klúbbsins við málefni aldraðra í bænum. Nefndin annast heimsóknir klúbbfélaga á dvalar- og/eða hjúkrunarheimili aldraðra.

23. grein

Nefndir skulu starfa eftir þeim reglum og leiðbeiningum, sem RI setur og samkvæmt því, sem forseti klúbbsins mælir fyrir um. Formaður hverrar nefndar stjórnar nefndarfundum og annast um framkvæmdir í þeim málum, sem nefndina varða.

9. kafli

Mætingarskylda

24. grein

Félagi skal sækja reglulega fundi í klúbbnum. Það telst fundarsókn ef félagi er viðstaddur 60% fundartímans eða er óvænt kallaður af fundi af ástæðum sem stjórnin tekur gildar.

Það telst einnig fundarsókn ef rótarýfélagi:

1. Sækir fund í öðrum klúbbi.
2. Sækir fund í félagsskap á vegum Rótarý (t.d. Rotaract, Interact eða RCC).

3. Sækir allsherjarþing RI eða aðrar gildar samkomur á vegum RI eða umdæmisins eða annarra umdæma, svo sem umdæmisþing, formót, svæðismót, svo og nefndarfund á vegum umdæmisins.
4. Mætir á réttum tíma á fundarstað annars klúbbs þótt sá klúbbur hafi fellt niður fundinn.
5. Er viðstaddur og tekur þátt í klúbbþjónustuverkefni eða samfélagsviðburði sem klúbburinn stendur að eða fundi sem stjórn klúbbsins hefur viðurkennt.
6. Er viðstaddur stjórnarfund klúbbsins eða fund í þjónustunefndum klúbbsins (klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd og alþjóðamálanefnd) eða öðrum klúbbnefndum sem stjórn klúbbsins hefur viðurkennt og hann verið kosinn til.

Ef félagi starfar um lengri tíma fjarri starfssvæði klúbbsins ber honum að mæta í klúbbi á því svæði sem hann er á.

Að öðru leyti vísast til „Grundvallarlaga rótarýklúbba“ um fundarsókn.

10. kafli

Undanþága frá fundarsókn

25. grein

Félagi getur fengið undanþágu frá fundarsókn:

- 1 Fjarvistir samræmast þeim skilyrðum sem stjórnin setur Stjórnin getur undanþegið félagi frá mætingarskyldu af ástæðum sem hún telur fullnægjandi í allt að 12 mánuði.
- 2 Ef félagi er orðinn 65 ára og summa af aldri og félagsaðild félaga í einum eða fleiri rótarýklúbbum er 85 ár eða meira og ef félaginn hefur óskað þess skriflega við ritara klúbbsins að vera undanþeginn mætingarskyldu og ókinn hefur hlotið samþykki stjórnar.
- 3 Félagi sem er embættismaður RI er undanþeginn mætingarskyldu.

Ef félagi er undanþeginn mætingarskyldu skv. tölulíðum 2 og 3 hér að ofan mætir á klúbbfund skal félaginn og mæting hans talin með í þeirri tölu sem notuð er til að reikna út mætingarhlutfall klúbbsins.

11. kafli

Nýir félagar

26. grein

Vilji félagi gera tillögu um inntöku nýs félaga skal hann afhenda forseta klúbbsins skriflega tillögu þar um með ítarlegum upplýsingum um viðkomandi. Forseti leggur tillöguna fyrir stjórn klúbbsins. Vilji stjórnin sinna tillögunni, felur hún félaganefnd að ganga úr skugga um að einstaklingurinn uppfylli öll skilyrði varðandi starfsgrein og klúbbaðild sem kveðið er á um í sérlögum þessum og „Grundvallarlögum rótarýklúbba“. Félaganefnd yfirfer gaumgæfilega tilnefninguna og lætur stjórn klúbbsins í té álit sitt á þeim félagi, sem tilnefndur hefur verið. Þeir einir geta orðið félagar í klúbbnum, er hafa til þess samþykki félaganefndar. Að fengnu álitu félaganefndar ákveður stjórnin hvort samþykkja skuli tillöguna og skal það gert innan 30 daga frá því að tillagan barst henni í hendur.

Að undangenginni framangreindri málsmeðferð og ef niðurstaða stjórnarinnar er jákvæð tilkynnir ritari félögum skriflega tillögu um val hins nýja félaga. Hafi forseta ekki borist skrifleg andmæli frá fleiri en tveimur klúbbfélögum gegn tillögu stjórnarinnar, innan sjö daga frá dagsetningu tilkynningarinnar, skal hann bjóða þeim, er hlut á að máli, að gerast félagi í klúbbnum.

Berist stjórninni andmæli skal hún greiða atkvæði um tillöguna á næsta fundi sínum. Samþykki hún hana þrátt fyrir andmælin, skal hún bjóða hlutaðeigandi að gerast félagi í klúbbnum.

Óski fyrrverandi félagi klúbbsins eða félagi úr öðrum rótarýklúbbi eftir að gerast félagi í klúbbnum, skal viðkomandi afhenda forseta klúbbsins ítarlegar upplýsingar um sig. Málsmeðferð skal vera hliðstæð því sem fram kemur hér að ofan. Enginn félagi má utan klúbbsins skýra frá neinu, er varðar tilnefningu eða atkvæðagreiðslu um inntöku í klúbbinn.

12. kafli

Heiðursfélagar

27. grein

Heimilt skal klúbbnum að kjósa heiðursfélaga. Nær heimild þessi til félaga eða utanfélagsmanns sem með starfi sínu hefur, að dómi klúbbfélaga, skarað fram úr með ágætri þjónustu við eflingu hugsjóna Rótarý. Um val heiðursfélaga, réttindi þeirra og skyldur, vísast til „Grundvallarlaga rótarýklúbba“.

13. kafli

Slit félagsaðildar

28. grein

Um slit félagsaðildar vegna úrsagnar, brottflutnings, vanrækslu á fundarsókn eða öðrum ástæðum svo og málsmeðferð þar að lútandi vísast til „Grundvallarlaga rótarýklúbba“.

14. kafli

Ýmis ákvæði

29. grein

Mál eða tillögur, sem fela í sér skuldbindingar fyrir klúbbinn, skulu ekki bornar fram á klúbbfundi, fyrr en stjórn klúbbsins hefur fjallað um þær. Komi slík mál fyrir á klúbbfundi án vitundar stjórnarinnar skal umræðulaust vísa þeim til hennar. Að lokinni athugun skal stjórnin leggja málið fyrir klúbbfund og ræður þá meirihluti atkvæða úrslitum þess.

30. grein

Samskota má ekki leita og hjálparbeiðnir má ekki bera fram í klúbbnum eða á vegum hans, nema með samþykki stjórnarinnar.

31. grein

Stjórn klúbbsins setur reglur um fundarsköp. Skal í þeim stefnt að því að gera fundina aðlaðandi og sem ánægjulegasta fyrir félagi og gesti.

15. kafli

Lagabreytingar

32. grein

Tillögur um lagabreytingar skulu vera skriflegar, og skal stjórnin senda öllum félögum þær a.m.k. einni viku áður en þær verða kynntar og koma til umræðu. Hafa skal tvær umræður um breytingarnar.

Lagabreytingar öðlast gildi ef meirihluti klúbbfélaga er mættur á fundi við seinni umræðu og þær samþykktar af a.m.k. 2/3 atkvæða viðstaddra félaga, enda séu þær í samræmi við „Grundvallarlög rótarýklúbba“ og samþykktir RI.

33. grein

Lög þessi eru byggð á gildandi „Grundvallarlögum rótarýklúbba“ og öðlast þegar gildi. Um leið falla úr gildi eldri lög klúbbsins. Nú verða gerðar breytingar á „Grundvallarlögum rótarýklúbba“ og er þá stjórn klúbbsins heimilt að gera þær breytingar á sérlögum þessum sem leiða af þeim. Stjórnin kynnir breytingarnar á klúbbfundi.

Þessi sérlög Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar voru samþykkt á klúbbfundi 10. júní 2010. Þann 1. september 2011 samþykkti stjórn klúbbsins breytingar á 2., 21., 24. og 25. gr. til samræmis við breytingar á grundvallarlögum klúbbsins. Þann 9. Febrúar 2012 samþykkti klúbbfundur breytingar á 20. gr. Skipulagsskrá framkvæmdasjóðs.